

AÐALSKIPULAG SKÚTUSTAÐAHREPPS 2011-2023



Breyting á aðalskipulagi, efnisnáma í landi Garðs. Tillaga 9.5.2022. Blað 1/2.

Vegna fyrirhugaðrar lagningar göngu- og hjólastígs umhverfis Mývatn og annarra framkvæmda er áformað efnisnám í landi Garðs. Sveitarstjórn leggur því fram tillögu um breytingu á Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023 samkvæmt breytingablaði þessu.

1. Yfirlit

1.1. Tilfni

Brýn þörf er á efni við sunnanvert Mývatn sem mun nýtast í lagningu göngu- og hjólastígs sem er hluti samfellds stígs umhverfis vatnið og mun auka öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda verulega. Með efnistöku í landi Garðs verður nýtt efni af svæði sem hefur að hluta verið raskað áður með efnistöku, uppgræðslu og öðrum framkvæmdum. Ennfremur verður vegalengd frá námu að framkvæmdasvæðum stutt, sem dregur úr umferð, útblæstri, rykmengun, kostnaði og slysaheitu. Miðað er við að náman verði nýtt á tímabilinu frá 2022 til 2032.

1.2. Magn

Miðað er við að efnistaka nemi allt að 49.900 m³ á um 17.200 m² námusvæði. Fyrirhuguð efnistaka er undir viðmiðun í liðum 2.01 og 2.02 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og er því ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Heildarflatarmál nýs og gamals efnistökusvæðis verður tæplega 25.000 m².

2. Breytingar

2.1 Breyting á skipulagsupprætti

Nýtt efnistökusvæði 383-E í landi Garðs er fært inn á skipulagsupprætt. Svæðið yfirlappar hluta af athafnasvæði 373-A. Merking nær einnig yfir núverandi (ómerkt) efnistökusvæði.

2.2 Breyting á greinargerð

Nýrri línu er bætt í töflu í kafla 4.15 Efnistökusvæði.

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
383-E	2,4 ha	Í landi Garðs 2	Gömul og ný hraunnáma	Almenn ákvæði

3. Samhengi við gildandi skipulag

3.1 Landsskipulagsstefna

Fyrirhuguð breyting á aðalskipulagi snertir ekki beint þau atriði sem fjallað er um í staðfestri landsskipulagsstefnu en í tillögu að viðauka er fjallað um loftslag og landslag. Efnistakan tengist loftslagsmálum þar sem aðgangur að efni við sunnanvert Mývatn dregur úr efnisflutningum um langar vegalengdir vegna fyrirhugaðra framkvæmda sunnan vatnsins.

3.2 Svæðisskipulag

Umrætt svæði er innan marka Svæðisskipulags háhitasvæða í Þingeyjarsýslu 2007-2025 en stefna sem þar er mörkuð snertir ekki breytingu á aðalskipulagi vegna efnistökkunnar.

3.3 Aðalskipulag

Við fyrirhugaða námu er afmarkað athafnasvæði 373-A í aðalskipulagi með eftirfarandi ákvæðum:

Nr.	Stærð	Svæði	Lýsing	Skipulagsákvæði
373-A	8,7 ha	Athafnasvæði í landi Garðs	Óbyggt, óskipulagt	Athafnasvæði. N<1. Búseta möguleg í tengslum við atvinnurekstur. Uppbygging skv. deiliskipulagi

Nýtt efnistökusvæði nær yfir um 0,6 ha af athafnasvæðinu en landið getur nýst sem athafnasvæði að efnisnámi loknu.

Náman er í samræmi við markmið sem sett eru fram í Aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011 -2023 sem eru:

- Æskilegt er að nám jarðefna fari eftir því sem hægt er fram á tiltölulega fáum afmörkuðum námusvæðum; fáar námur hafa minni neikvæð sjónræn áhrif í för með sér en margar litlar. (kaflí 4.15 með vísan í Sjálfbæra þróun í íslensku samfélagi, stefnumörkun 2020).
- Miðað er við stuttar fjarlægðir frá nýtingarstað og minni háttar áhrif á umhverfið (kaflí 4.15).



Gildandi skipulag

Mkv.: 1:50.000

Landnotkun

- Mörk sveitarfélags
- Mörk hálendisskipulags
- Mörk þéttbýlisuppráttá
- Þéttbýli
- Íbúðarsvæði
- Svæði fyrir þjónustustofnanir
- Miðsvæði
- Verslunar- og þjónustusvæði
- Athafnasvæði
- Iðnaðarsvæði
- Efnistökusvæði
- Svæði fyrir frístundabyggð
- Opin svæði til sérstakra nota
- Óbyggð svæði
- Landbúnaðarsvæði
- Landbúnaðarsvæði -lun, eingöngu til skýringar
- Vötn og ár
- Afþreyingar- og ferðamannasvæði

Samgöngur og veitur

- Stofnvegur
- Tengivegur
- Héraðsvegur
- Aðrir vegir -eingöngu til skýringar
- Göngu/hjólaleiðir
- Reiðleiðir
- Flutningslínur raforku -ofan jarðar
- neðan jarðar
- Fjarskipti -ljóleiðari
- Vatnsveita -stofnögn
- Hitaveita -stofnögn

Verndarsvæði

- /// Friðlýst svæði -Friðlond og náttúruvætti
- Verndarsvæði -Mörk verndarsvæðis skv. lögum nr. 97/2004 um verndun Mývatns og Laxar.
- Hv Hverfisverndarsvæði
- Ⓡ Ⓣ Merkar/Friðlýstar fornminjar
- /// Vatnsverndarsvæði -Grannsvæði
- Garðlög



Breytt skipulag

Aðalskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið skv. 31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 var samþykkt í sveitarstjórn Þingeyjarsveitar þann _____

_____ sveitarstjóri

Aðalskipulagsbreyting þessi var staðfest af Skipulagsstofnun þann _____



Breyting á aðalskipulagi, efnisnáma í landi Garðs. Tillaga 9.5.2022. Blað 2/2.

- Gerð er krafa um góða umgengni, skipuleg vinnubrögð og smyrtilagan frágang að lokinni vinnslu (kafla 4.15).

Á sveitaruppdrætti aðalskipulagsins er landbúnaðarland sýnt annars vegar með almennri afmörkun en hins vegar eru helstu ræktarlönd sýnd með dekkri lit. Með breytingunni er er um 3 ha af skilgreindu landbúnaðarsvæði breytt í efnistökusvæði en ekki er um að ræða ræktarland eða verðmætt landbúnaðarland fyrir búvöruframleiðslu.

Deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag frá árinu 2014 þar sem skilgreindar eru lóðir fyrir atvinnustarfsemi sem tengst getur núverandi búvöruframleiðslu eða annari atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu s.s. úrvinnslu og heimavinnslu matvæla, hreinleg verkstæði fyrir verktakastarfsemi eða handverk og geymsluhúsnæði. Á deiliskipulagsuppdrætti er sýnd um 7.800 m² hraunnáma sem ekki er lengur nýtt. Einnig er á uppdrættinum sýnt áætlað vatnsból suðaustan skipulagssvæðisins en lega þess verður endurskoðuð með hliðsjón af nýju námunni.

4 Umhverfi

4.1 Staðhættir

Fyrirhugað efnistökusvæði er um 400 m sunnan Mývatnssveitarveggar (848) í landi Garðs 2 í Skútustaðahreppi. Svæðið er í um 3 km fjarlægð frá þéttbýlinu Skútustöðum og um 11 km frá þéttbýlinu Reykjahlíð. Fyrirhugað efnistökusvæði er á apalhrauni sem raskað hefur verið með slóðagerð við dreifingu lífræns áburðar í tilraun til uppgræðslu undanfarin ár. Efni hefur áður verið tekið af svæðinu. Hraunið sem um ræðir er hluti af Laxárhrauni yngra sem áætlað er að sé um 2200 ára gamalt. Á undanförunum árum hefur mikil vinna verið lögð í dreifingu áburðar og á milli hrauna er að finna grasi grónar breiður.

Efnistökusvæði 339-E er um 500 m norðan fyrirhugaðs efnistökusvæðis en þar er lítil gjallnáma sem landeigandi nýtir til eigin nota. Næsta efnistökusvæði er í flugvallamámu 324-E í um 14 km fjarlægð og norðan Reykjahlíðar. Einnig eru að finna lítil og ókönnuð efnistökusvæði við Stangarafleggjara (340-E) og Hofstaði (341-E).

Bæjarhús í Garði 1, 2 og 3 eru norðan þjóðveggar um 700 m til norðvesturs frá fyrirhugaðri námu. Engar stofn- eða dreifilagnir veitukerfa eru innan fyrirhugaðs námusvæðis.

4.2 Náttúruvernd

Náman verður utan verndarsvæðis Mývatns og Laxár (sbr. lög um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Þingeyjarsýslu nr. 97/2004). Með efnistökunni er eldhrauni raskað en eldhraun njóta verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og skal því leita umsagna Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðkomandi náttúruverndarnefndar.

Fyrirhugað efnistökusvæði er innan grannsvæðis vatnsverndar. Stutt er niður á grunnvatn. Því er mikilvægt er að gæta vel að starfsemi á svæðinu valdi ekki mengun og að gerðar verði ráðstafanir gegn mengunarslysum. Miðað skal við að námubotn verði a.m.k. 0,5 m yfir grunnvatnsborði.

5 Vinnsla og frágangur

Vinna skal efnistökuáætlun fyrir fyrirhugað efnisnám. Í framkvæmdaleyfi verða sett nánari skilyrði um námuvinnslu, umgengni og frágang á vinnslutíma og að efnisnámi loknu.

Við útfærslu efnistöku þarf að gera ráð fyrir þeim áhrifum sem efnistakan getur haft á verndargildi svæðisins og lágmarka ásynaráhrif. Lögð er áhersla á að námuvinnslu verði hagað þannig að náman og umsvif hennar vegna verði sem minnst sýnileg frá þjóðvegi og að frágangur svæðis við áfangaskil og við verklok taki mið af og falli vel að landslagi og gróðurfari. Lögð verður áhersla á að vinna við efnistöku verði í skjóli hraungarðs sem dregur úr ásynnd og upplifun þeirra sem ferðast um Mývatnssveit.

Verklýsing þessara þátta er ekki hluti aðalskipulags.

6 Umhverfismatsskýrsla áætlunar

Í umhverfismatsskýrslu áætlana skulu eftirtaldir þættir koma fram skv. reglugerð um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 1381/2021:

- Yfirlit yfir efni og helstu stefnumið viðkomandi áætlunar og tengsl hennar við aðra áætlanagerð,
- lýsing á aðstæðum og þeim umhverfisþáttum sem líklegt er að verði fyrir umtalsverðum áhrifum eða eru sérstaklega viðkvæmir, svo sem vegna náttúruverndargildis,
- upplýsingar um umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda sem varða áætlunina og mat á vægi umhverfisáhrifa áætlunarinnar með tilliti til þeirra og eftir atvikum annarra umhverfissjónarmiða,
- lýsing og mat á líklegum umhverfisáhrifum af framkvæmd áætlunarinnar og raunhæfum valkostum við áætlunina, að teknu tilliti til markmiða með gerð áætlunarinnar og landfræðilegs umfangs hennar, þ.m.t. núllkosts,
- lýsing á fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum,
- lýsing á því hvernig haga skal vöktun umhverfisáhrifa af framkvæmd áætlunar,
- upplýsingar um hvernig valkostir voru skilgreindir og lýsing á því hvernig umhverfismatið fór fram, þ.m.t. um erfiðleika, svo sem tæknilega erfiðleika og skort á upplýsingum eða þekkingu við að taka saman þær upplýsingar sem krafist var,
- samantekt umhverfismats.

6.1 Yfirlit

Sjá kafla 1 og 3.

6.2 Aðstæður og umhverfisþættir

Sjá kafla 4.1

Áhrifavaldar

- Efnistaka veldur umhverfisáhrifum og getur rýrt verndargildi nálægna svæða. Umhverfisáhrif námu eru háð staðsetningu, magni og frágangi.
- Umferð vegna efnisflutninga.

Umhverfisþættir

Umhverfisþættir, sem geta orðið fyrir áhrifum:

- Landslag / ásynnd
- Jarðmyndanir
- Gróður
- Fuglar
- Hljóðvist

6.3 Umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda

Sjá kafla 4.2.

6.4 Líkleg umhverfisáhrif áætlunar og valkosta

Til þess að neikvæð áhrif efnistökkunnar verði sem minnst verður náman aðlöguð landi eins vel og hægt er og áhersla lögð á að raska ósnertu landi sem minnst. Haft verður samráð við fagstofnanir og hagsmunaaðila til að draga úr neikvæðum áhrifum efnistökkunnar. Gerð verður grein fyrir framkvæmd og frágangi í efnistökuáætlun.

Umhverfisáhrif	Líklegr áhrif, drög að mati
Landslag, ásynnd	0 Í skjóli frá alfaraleið. Áhersla á aðlögun að landi og vandaðan frágang.
Jarðmyndanir	- Eldhraun. Raskað land. Óafturkræfar breytingar. Ekki er um að ræða einstakar eða sérstakar jarðmyndanir á svæðinu.
Gróður	0 Gróður með miðlungs verndargildi (NÍ). Frágangur með staðargróðri.
Fuglar	0 Rýrt fuglalíf (NÍ). Staðbundin og tímabundin áhrif vegna vinnslu, umferðar og hávaða. Starfsemi talin hafa lítil áhrif á fuglalíf.
Hljóðvist	- Tímabundin og staðbundin áhrif. Áhrif dvína með fjarlægð. Ólíklegt að starfsemin hafi neikvæð áhrif á íbúa eða dýralíf innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár.
0 Óveruleg áhrif, háð útfærslu	+ Jákvæð áhrif - Neikvæð áhrif

Aðrir valkostir

- Efnistökusvæði 339-E skammt frá fyrirhuguðu efnistökusvæði.
 - Lítill gjallnáma sem notuð er af landeiganda til eigin nota. Ekki nægjanlegt efnismagn fyrir fyrirhugaðar framkvæmdir.
- Flugvallamáma 324-E.
 - Í um 14 km fjarlægð norðan Reykjahlíðar. Lengri efnisflutningar og í gegnum þéttbýli sem hefur í för með sér stærra kolefnisspor, meiri kostnað og slyshættu.
- 340-E við Stangarafleggjara.
 - Efni hentar ekki í undirlag undir göngu- og hjólastíg. Langt frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.
- 341-E við Hofstaði.
 - Lítill náma, 0,3 ha. Efnisgæði henta ekki verkefninu.
- 378-E við Gautlönd.
 - Óopnuð (ný) náma innan marka verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Stærð ekki tilgreind. Ekki vitað um efnisgæði. Um 7-9 km frá fyrirhuguðu framkvæmdasvæði.
- 301-E á Hólasandi.
 - Umhverfisáhrif námu á nærumhverfi eru óveruleg. Fjarlægð frá framkvæmdasvæði er um 25-30 km.
- Núllkostur.
 - Ekki kemur til greina að falla frá áætlun um göngu- og hjólastíg umhverfis Mývatn, sem óháður er bílaumferð.

Þessir kostir teljast ekki raunhæfir miðað við markmið sveitarstjórnar um hagkvæmni og öryggi.

6.5 Mótvægisáðgerðir

Fjallað verður um mótvægisáðgerðir í efnistökuáætlun. Ákvæði verða sett í starfsleyfi í samræmi við ábendingar og tilmæli umsagnaraðila og leyfisveitenda.

6.6 Vöktun

Fjallað verður um vöktun í efnistökuáætlun. Ákvæði verða sett í starfsleyfi í samræmi við ábendingar og tilmæli umsagnaraðila og leyfisveitenda.

6.7 Verklag við umhverfismat

Umhverfismat aðalskipulagsbreytingarinnar byggist á skipulags- og matslýsingu fyrir tillögu að breyttu aðalskipulagi Skútustaðahrepps 2011-2023, sem unnin var af Alta í febrúar 2022, og kynningu á efnistöku úr námu við Garð, Skútustaðahreppi, sem unnin var af sveitarfélaginu í apríl 2022.

6.8 Samantekt

Óþörf í svo litlu verkefni.

Sjá blað 1/2.